

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
1	Leikskóli	Barn þekkir einhverja stafi og er farið að tengja þá við hljóð. Þó að barn sé farið að þekkja nafn sitt eða hluta þess, á það enn eitthvað í að tengja talmál og ritmál saman. Getur greint fremsta og aftasta hljóð í orði. Rím, samsett orð		Styrkja áhugahvöt barna á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þau hafi val um fjölbreytt lesefni. Efla hljóðkerfisvitund og stafabekkingu með því að: <ul style="list-style-type: none">leika sér með rím og þulur,hlusta eftir hljóðum í orðum,leika með stafi og hljóð. Viðhafa sýnikennslu, t.d sýna lesátt, greina orð frá myndum, velja texta og vinna með stafi og hljóð. Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með því að merkja hluti, búa til orðalista o.s.frv.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
2	5-6 ára	Barn þekkir flesta eða alla stafi og hljóð þeirra og getur hljóðað sig í gegnum einföld orð og léttan texta.	<40 atkvæði á mín. eða <25 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt barna á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þau hafi val um fjölbreytt lesefni. Efla hljóðkerfisvitund og stafabekkingu með því að: <ul style="list-style-type: none">leika sér með rím og þulur,hlusta eftir hljóðum í orðum,tengja stafi og hljóð. Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með því að merkja hluti, búa til orðalista o.s.frv. Viðhafa sýnikennslu, t.d sýna lesátt, greina orð frá myndum, velja texta og vinna með stafi og hljóð.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
3	1. bekkur	Nemandi getur lesið einfalda texta. Nemandi hljóðar sig í gegnum textann orð af orði, en þekkir einnig nokkur algeng orð sjónrænt. Les með lítilli tjáningu og innlifun. Umskráir orð eintóna og sýnir litla tilburði til að láta lesturinn hljóma eins og eðlilegt mál. Pásur, hik og endurtekningar algengar.	30-80 atkvæði á mín. eða 20 - 55 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Vinna áfram með hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Kenna um tengsl stafs og hljóðs. Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með orðalistum, spilum, leikjum og orðarýni. Nýta 150 algengustu orðin. Byrja að kenna nemendum að nýta sér greinarmerki við lestur, svo sem að stoppa við punkta og spurningamerki. Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inni með einstaklingsmiðaðri kennslu.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
4	2. bekkur	Nemandi les nokkuð lipurt einfaldan texta en lesturinn er enn hægur. Nemandi er öruggari í að hljóða sig í gegnum orðin og þekkir einnig sjónrænt algengar orðmyndir. Byrjar að nota röddina til að láta lesturinn hljóma eins og eðlilegt mál og nær því í hluta textans. Nokkuð um pásur, hik og endurtekningar.	60-130 atkvæði á mín. eða 40 - 85 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Vinna áfram með hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða; kljúfa niður orð í hljóð, tengja stafi og hljóð, orðaforðavinna af ýmsu tagi, 150 algengustu orðin, orðalistar, spil, leikir, orðaspjall og samsett orð. Kenna nemendum að búa lengri orð niður í orðhluta til að auðveldara verði að lesa þau. Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inni með einstaklingsmiðaðri kennslu. Halda áfram að kenna nemendum að nýta sér greinarmerki við lestur, svo sem að stoppa við punkta og spurningamerki. Hvetja nemendur til að lesa í hljóði, s.s. í yndislestri.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
5	3. bekkur	Aukið öryggi í umskráningu. Nemandi þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það en grípur til hljóðunar þegar löng og ókunn orð koma fyrir í textanum. Lesturinn hljómar eins og eðlilegt mál í meirihluta textans. Nokkuð gott flæði er í lestrinum, en nemandi hikar á erfiðum og löngum orðum.	90-170 atkvæði á mín. eða 55 - 100 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Halda áfram að efla hljóðkerfisvitund og þekkingu á rithætti orða, svo sem hljóðlíkum stöfum, einföldum og tvöföldum samhljóða, samsetningu orða og orðhlutum. Halda áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða nemenda með orðarýni, orðalistum, leifturspjöldum, spilum og leikjum. Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inni með einstaklingsmiðaðri kennslu. Halda áfram að kenna nemendum að nýta sér greinarmerki við lestur, s.s. punkta, spurningamerki, kommur og gæsappir. Hvetja nemendur til að lesa í hljóði bæði í yndislestri og heimallestri.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
6	4. bekkur	Umskráning er fyrirhafnarlítill. Nemandi þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það en grípur til hljóðunar þegar erfið/ókunn orð koma fyrir í textanum. Lesturinn hljómar að mestu leyti eins og eðlilegt mál. Gott flæði er í lestrinum, en nemandi hikar stundum á erfiðum orðum.	130-200 atkvæði á mín. eða 80 - 120 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Halda áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða nemenda með orðarýni, orðalistum, leifturspjöldum, spilum og leikjum. Halda áfram að efla hljóðkerfisvitund og þekkingu á rithætti orða, svo sem hljóðlíkum stöfum, einföldum og tvöföldum samhljóða, samsetningu orða og orðhlutum. Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inni með einstaklingsmiðaðri kennslu. Halda áfram að kenna nemendum að nýta sér greinarmerki við lestur, s.s. punkta, spurningamerki, kommur og gæsappir. Áhersla á hljóðlestur í ólíkum tilgangi.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
7	5.-6. bekkur	Nemandi les fyrirhafnarlitið og með góðu flæði. Lesturinn hljómar eins og eðlilegt mál. Er fær um að beita tjáningu og raddstyrk til að tjá túlkun sína á textanum.	150-260 atkv./90-155 orð á mín. í raddlestri 250-400 atkv. á mín. í hljóðlestri eða 150 - 235 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Halda áfram að byggja upp orðaforða, s.s. sjaldgæf orð og orðaforða námsgreina með orðarýni, orðalistum, spilum og leikjum. Efla þekkingu á rithætti orða, s.s. út frá skyldleika og notkun stafsetningarreglna. Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inni með einstaklingsmiðaðri kennslu. Aukin áhersla á hljóðlestur og tækni við að auka hraða í hljóðlestri.

Prep	Bekkur	Lestrarlag	Hraðaviðmið	Áherslur í kennslu
8	7.-10. bekkur	Nemandi les fyrirhafnarlitið og með mjög góðu flæði. Lesturinn hljómar eins og eðlilegt mál. Er fær um að beita tjáningu og raddstyrk til að tjá túlkun sína á textanum.	200-280 atkv./120-165 orð á mín. í raddlestri 300-500 atkv. á mín. í hljóðlestri eða 175 - 300 orð/mín.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Halda áfram að byggja upp orðaforða, s.s. fagorðaforða. Efla þekkingu á rithætti orða, s.s. út frá skyldleika og notkun stafsetningarreglna. Aukin áhersla á hljóðlestur og tækni við að auka hraða í hljóðlestri.